



Umhverfisstefna í rekstri
þjóðgarðsins á Þingvöllum



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
2	Leiðarljós	2
3	Umhverfisstefna í rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum.....	3
3.1	Aðföng – innkaup og notkun	3
3.1.1	Ökutæki og eldsneyti	3
3.1.2	Hreinsi- og ræstivörur	3
3.1.3	Byggingarvörur og -efni, þ.m.t. málningarvörur og fúavörn.	4
3.1.4	Áburður, skordýra- og illgresiseitur.....	4
3.2	Sorp – meðhöndlun úrgangs	4
3.3	Frárennsli	4
3.3.1	Skólpmeðhöndlun - rekstur rotþróa.....	4
3.3.2	Meðhöndlun ofanvatns	4
3.4	Loftmengun	5
3.5	Sjón- og ljósmengun	5
4	Framfylgd	5
4.1	Umhverfisstjórnun, eftirfylgni og stöðugar umbætur.....	5
4.2	Fræðsla	5
5	Staðfesting	6
VIÐAUKI 1	Greining á starfsemi og helstu umhverfispáttum í rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum ...	7
1	Inngangur.....	7
2	Greining á starfsemi og helstu umhverfispáttum.....	7
2.1	Aðferðafræði.....	7
2.2	Stutt lýsing á starfsemi þjóðgarðsins og þjónustu.....	7
2.3	Greining á helstu umhverfispáttum.....	9
2.4	Lög, reglur og stefnumörkun á sviði umhverfismála.....	10
VIÐAUKI 2	Almennar umgengnisreglur samþykktar af Þingvallanefnd.....	11

1 Inngangur

Umhverfisstefna í rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum er samþykkt af Þingvallanefnd í þeim tilgangi að tryggja að innra starf þjóðgarðsins sé í sem bestu samræmi við stefnumótun þjóðgarðsins 2004-2024 og ábyrga umgengni við umhverfið almennt.

Mótun umhverfisstefnunnar tekur mið af eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem fer fram innan þjóðgarðsins og þeim umhverfisáhrifum sem starfsemin getur haft í för með sér, með hliðsjón af nauðsyn sjálfbærrar þróunar. Umhverfisstefna fyrir rekstur þjóðgarðsins hefur verið mótuð á grundvelli greiningar sem fyrir liggur á starfseminni og helstu umhverfispáttum sem henni tengjast.

Umhverfisstefna fyrir rekstur þjóðgarðsins er viðbót við og nánari útfærsla á fyrirliggjandi *stefnumótun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2004-2024*. Í stefnumótun þjóðgarðsins 2004-2024 er sett fram framtíðarsýn og stefna sem snýr einna helst að verndarsjónarmiðum þjóðgarðsins en *umhverfisstefna í rekstri* snýr að þáttum sem tengjast daglegum rekstri.

Umfang umhverfisstefnunnar afmarkast því sem hér segir:

- Aðeins er tekið á innra starfi þjóðgarðsins og daglegum rekstri auk nánari útfærslu og framkvæmd þeirra atriða sem kveðið er á um í stefnumótun 2004-2024 og verkefnaáætlunum sem henni tengjast. Um þau atriði sem snúa að sjálfri verndun þjóðgarðsins er vísað til stefnumótunar.
- Fyrst og fremst er horft á þá efnisstrauma sem rekstur og stjórnsýsla þjóðgarðsins hefur í för með sér ásamt áhrifum þeirra á þjóðgarðinn og umhverfið almennt.

Leitast er við að setja umhverfisstefnuna þannig fram að hún hafi markviss áhrif á ákvarðanatöku í rekstri og stjórnsýslu þjóðgarðsins. Þannig nær stefnan til allra málefna þjóðgarðsins, þ.m.t. sumarhúsa, veitingarekstrar, búskapar og ríkiseigna að því marki sem stjórnsýsluumboð þjóðgarðsins heimilar.

2 Leiðarljós

Eftirfarandi leiðarljós, sem sett er fram í stefnumótun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2004-2024, er jafnframt leiðarljós þeirrar umhverfisstefnu í rekstri þjóðgarðsins sem hér er sett fram:

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur sérstakt gildi sem er órjúfanlega bundið því að sérstakir staðir innan þjóðgarðsins haldi náttúrulegum sérkennum sínum að hluta vegna náttúrunnar sjálftrar og að hluta vegna mikilvægra atburða sem gerðust á sögusviði Þingvalla og jörðin geymir minjar um.

Með stjórnsýslu sinni leitast yfirvöld þjóðgarðsins við að vernda þetta sérstaka gildi svo það rýrist ekki þótt margir njóti. Samfélagi nútíðar og framtíðar er mest gagn af þjóðgarðinum þegar hæfilegri málamiðlun verndunar og afnota er náð. Hlutverk verndunar er að tryggja möguleika á jafngildum afnotum til framtíðar.

Meginreglan í stjórnsýslu garðsins er að náttúrunni verði ekki raskað frekar en orðið er nema hið sérstaka gildi rýrist óverulega og það stuðli að afnotum sem tengjast sérkennum þjóðgarðsins. Þegar áhrif ákvarðana stjórnsýslunnar, sem snerta jafnvægi verndunar og afnota eru óljós, hefur verndunin forgang.

Öll mannvirki, umbúnaður og stjórnun í þjóðgarðinum skulu bera vott um virðingu fyrir hinu sérstaka gildi.

3 Umhverfisstefna í rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum

Þeir sem með stjórnvald fara í þjóðgarðinum á Þingvöllum setja sér að haga ákvörðunum sínum í samræmi við þær áherslur sem settar eru í þessari stefnu. Almenn skal ákvarðanataka og starfsemi innan þjóðgarðsins taka mið af eftirfarandi:

- Ekkert efni, sem berst inn í þjóðgarðinn vegna gestagangs eða rekstrar, verði eftir innan hans nema það samlagist náttúrunni algerlega eða valdi hverfandi breytingu á umhverfinu. Undan eru skilin byggingarefni og efni til stigagerðar enda falla mannvirki undir stefnumótun 2004-2024 en ekki umhverfisstefnu.
- Gestagangur og rekstur í þjóðgarðinum skilji ekki eftir sig nein ummerki til lengri tíma umfram þær almennu heimildir sem fram koma í stefnumörkun 2004-2024.
- Almenn sé rekstur þjóðgarðsins í sem bestu samræmi við sjálfbæra þróun, t.d. með vönduðu vali á aðföngum, ráðdeild og sparnaði í notkun efna og orku og ábyrgri förgun úrgangs.
- Öll ákvarðanataka og aðgerðir séu ávallt í fullu samræmi við íslensk lög og reglur og alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að.

Um einstök atriði og umhverfisþætti gildir það sem fram kemur hér að neðan.

3.1 Aðföng – innkaup og notkun

Við innkaup á vörum og þjónustu er tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti er valin sú tegund sem telst síður skaðleg umhverfinu. Við innkaup er aðferðafræði vistvænna innkaupa höfð að leiðarljósi. Því eru innkaup vel skipulögð, þörfin fyrir viðkomandi vöru vandlega ihuguð og upplýsinga aflað m.a. um eiginleika, gæði, umhverfisáhrif og líftímakostnað sem tengjast notkun vörunnar.

Almenn skal leitast við að kaupa vöru sem hefur hlotið umhverfisvottun og viðskiptum beint til birgja sem bjóða sem umhverfisvænsta vöru eða þjónustu. Við innkaup er stuðst við leiðbeiningar og gátlista um vistvæn innkaup á vegum ríkisins eins og mögulegt er. Þó skal að lágmarki uppfylla þær áherslur sem tilgreindar eru fyrir mismunandi flokka hér að neðan.

3.1.1 Ökutæki og eldsneyti

- Almenn skal lágmarka eldsneytisnotkun bifreiða eins og mögulegt er með góðri skipulagningu og samnýtingu ökuferða.
- Við kaup á nýjum bifreiðum til rekstrarins skal lögð áhersla á lágmarks eldsneytiseyðslu eftir því sem kostur er.
- Starfsmenn þjóðgarðsins hafi aðgang að reiðhjólum eða litlum sparneytnum farartækjum til þess að reka erindi næst miðstöð.
- Umhverfisvæn farartæki gesta njóti forgangs eða fríðinda eftir því sem við verður komið.

3.1.2 Hreinsi- og ræstivörur

- Almenn skal leita leiða til að draga úr innkaupum og notkun á hvers kyns hreinsi- og ræstivörum, s.s. þeim sem tengjast rekstri húsnæðis og bifreiða, t.d. með því að minnka skammtastærðir og fækka tegundum hreinsi- og ræstiefna.
- Velja skal vörur og/eða þjónustu til hreingerninga og ræstinga sem eru umhverfismerktar, t.d. með svansmerkinu eða blóminu eftir því sem kostur er.



3.1.3 Byggingarvörur og -efni, þ.m.t. málningarvörur og fúavörn.

- Velja skal byggingarefni sem eru vönduð, auðvelt að viðhalda og endast vel.
- Við val á byggingarvörum skal leitast við að velja náttúruleg efni sem eru endurvinnanleg að loknum líftíma þeirra.
- Velja skal umhverfismerkt málningar- og fúavarnarefni þegar kostur er. Forðast skal innkaup og notkun á málningu, fúavarnarefnum og fúavörðu timbri sem inniheldur skaðleg efni á borð við þungmálma.

3.1.4 Áburður, skordýra- og illgresiseitur

- Notkun áburðar skal vera mjög hófsamleg og einkum beitt í þeim tilgangi að styrkja gróðurþekju gagnvart ágangi eða veðrun. Nota skal lífrænan áburð þar sem því verður við komið.
- Forðast skal notkun skordýra- og illgresiseiturs og skulu slík efni einungis notuð til að hemja ágengar lífverur sem taldar eru ógna fjölbreyttri náttúru þjóðgarðsins. Notast skal við náttúruvænar aðferðir eftir því sem kostur er.

3.2 Sorp – meðhöndlun úrgangs

- Almenn skal leita til að draga úr myndun sorps sem tengist rekstri þjóðgarðsins. Það sem fellur til við rekstur sé endurnýtt eða að öðrum kosti flokkað og skilað til endurvinnslu eða viðurkenndrar förgunar.
- Æskilegt er að lífrænn úrangur, sem fellur til við rekstur þjóðgarðsins og starfsmannahald, sé flokkaður og jarðgerður innan svæðisins í stað þess að flytja hann til urðunar út fyrir svæðið.
- Meðferð sorps sýni virkt umhverfisstarf og metnað á því sviði í þjóðgarðinum.
- Þar sem ílát fyrir sorp og aðstaða til sorpflokkunar eru fyrir hendi skal sú aðstaða vera snyrtileg og falla vel að nærliggjandi umhverfi.
- Í framtíðinni skal stefnt að því að gestir taki sjálfir með sér allt sorp sem til fellur meðan á dvöl þeirra í þjóðgarðinum stendur. Í því skyni skal gert ráð fyrir að innan þjóðgarðsins verði ekki nein aðstaða fyrir móttöku sorps sem til fellur hjá gestum þjóðgarðsins. Þetta fyrirkomulag skal kynnt á markvissan hátt fyrir gestum.

3.3 Frárennsli

3.3.1 Skólþmeðhöndlun - rekstur rotþróa

- Öll meðhöndlun skólps, þ.m.t. rotþrær og rekstur þeirra, skal vera vönduð og í samræmi við bestu fánlegu tækni.
- Alla seyru ber að flytja burt úr þjóðgarðinum og efnamengun, sem hlýst af siturrennsli, verður að vera innan ströngustu marka fyrir viðkvæm svæði með hliðsjón af staðháttum.
- Samningar við lóðarleigu- og rekstrarleyfishafa verða ekki endurnýjaðir fyrr en sýnt hefur verið fram á að frágangur og rekstur á rotþróum sé í samræmi ströngustu ákvæði reglugerða.

3.3.2 Meðhöndlun ofanvatns

- Við meðhöndlun ofanvatns skal tryggt að vatn, sem inniheldur skaðleg efni, berist ekki ómeðhöndlað til viðtaka, s.s. grunn- eða yfirborðsvatn. Komið sé fyrir mengunarvörnum þegar hætta er talin á að mengun berist með ofanvatni til viðtaka í samræmi við bestu fánlegu tækni.

3.4 Loftmengun

- Komið skal í veg fyrir óþarfa loftmengun og óþægindi með takmörkunum á meðferð elds og lausagangi bifreiða í þjóðgarðinum.

3.5 Sjón- og ljósmengun

- Við val á byggingavörum skal leitast við að velja náttúruleg efni sem falla vel að nærliggjandi umhverfi.
- Allar merkingar skulu vera skýrar en þó með högværu yfirbragði. Allar auglýsingar eru bannaðar á skiltum og mannvirkjum. Þó er heimilt að birta með högværum hætti merki fyrirtækja sem styrkja verkefni á vegum þjóðgarðsins.
- Lýsing innan þjóðgarðsins skal vera í lágmarki og þannig að hún þjóni fyrst og fremst öryggi gesta og starfsmanna. Til að koma í veg fyrir ljósmengun skal lýsing vera látlaus, óbein og glýjulaus og þess gætt að hún sé sem minnst áberandi utan lýsingarsvæðisins.

4 Framfylgd

4.1 Umhverfisstjórnun, eftirfylgni og stöðugar umbætur

Til að tryggja eftirfylgni fyrirbyggjandi stefnumörkunar 2004-2024 um verndun þjóðgarðsins og þessarar umhverfisstefnu í rekstri þjóðgarðsins er stefnt að því að koma á umhverfisstjórnun (skipulegu umhverfisstarfi) í rekstri þjóðgarðsins. Þar verði unnin ítarlegri greining á umhverfisþáttum, ástand þeirra metið og umhverfisstefna þessi endurskoðuð í samræmi við niðurstöður þess. Mikilvægur hluti umhverfisstjórnunar er jafnframt að skilgreina umhverfisvísa, móta mælanleg markmið og útbúa aðgerðaáætlun.

Með umhverfisstjórnun fæst greinargott mat á ástandi umhverfismála í þjóðgarðinum og bætt yfirsýn yfir rekstur þjóðgarðsins, bæði þau atriði sem snúa að verndun hans og þá þætti sem þessi stefna tekur á, þ.e. stjórnsýslu og rekstur. Með því að koma á markvissri umhverfisstjórnun er unnið að stöðugum umbótum í rekstri og frammistöðu þjóðgarðsins á Þingvöllum í umhverfismálum.


4.2 Fræðsla

Starfsfólk þjóðgarðsins skal njóta fræðslu um stefnu og áherslur sem varða umhverfismál í ríkisrekstri og umhverfisvernd almennt og geta upplýst gesti um umhverfismál þjóðgarðsins, þ.m.t. áherslur þessarar umhverfisstefnu.

Umgengnisreglur skulu kynntar rækilega fyrir gestum við komu í þjóðgarðinn.

5 Staðfesting

Umhverfisstefna þessi er staðfest 6. mars 2008.



Björn Bjarnason, formaður Þingvallanefndar



VIÐAUKI 1 Greining á starfsemi og helstu umhverfisþáttum í rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum

1 Inngangur

Unnið er að mótun umhverfisstefnu fyrir rekstur þjóðgarðsins á Þingvöllum. Stefnunni er ætlað að setja ramma um ákvarðanatöku og aðgerðir sem tengjast daglegum rekstri þjóðgarðsins. Umhverfisstefna fyrir rekstur þjóðgarðsins er viðbót við og nánari útfærsla á fyrirbyggjandi *stefnumótun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2004-2024*. Í stefnumótun þjóðgarðsins 2004-2024 er sett fram framtíðarsýn og stefna sem snýr einna helst að verndarsjónarmiðum þjóðgarðsins en *umhverfisstefna í rekstri* snýr að þáttum sem tengjast daglegum rekstri.

Mótun umhverfisstefnunnar tekur mið af eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem fer fram innan þjóðgarðsins og þeim umhverfisáhrifum sem starfsemin getur haft í för með sér. Greining á starfseminni og helstu umhverfisþáttum hennar ásamt forgangsröðum umhverfisþátta er því grundvöllur umhverfisstefnunnar.

Eftirfarandi eru niðurstöður greiningar á starfseminni og helstu umhverfisþáttum.

Umhverfisstefna fyrir rekstur þjóðgarðsins verður mótuð á grundvelli þeirrar greiningar sem fyrir liggur.

2 Greining á starfsemi og helstu umhverfisþáttum

2.1 Aðferðafræði

Til að greina umhverfisáhrif starfseminnar var farið yfir og aflað upplýsinga með starfsmönnum um eðli og umfang helstu efnisstrauma sem starfsemi þjóðgarðsins hefur í för með sér. Haldinn var vinnufundur með starfsmönnum þjóðgarðsins á Þingvöllum þar sem var aflað upplýsinga um eðli starfseminnar og helstu umhverfisþætti.

Byggt á ofangreindu liggur fyrir lausleg greining á eðli og umfangi þeirra umhverfisþátta sem tengjast starfseminni.

Ekki hefur verið gert ítarlegt stöðumat á umhverfisþáttum og ástandi þeirra og ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um flæði efna inn og út úr þjóðgarðinum. Gert er ráð fyrir að ítarlegri úttekt á umhverfisþáttum og ástandi þeirra verði unnin síðar í tengslum við nánari mótun *skipulegs umhverfisstarfs* (umhverfisstjórnunar) í rekstri þjóðgarðsins.

2.2 Stutt lýsing á starfsemi þjóðgarðsins og þjónustu

Hjá þjóðgarðinum á Þingvöllum eru fjórir starfsmenn fastráðnir allt árið en stöðugildi eru 3,6. Á sumrin fjölga starfsmönnum og eru að jafnaði tíu landverðir starfandi. Ársverk eru á bilinu 7-8. Þjóðgarðurinn á og rekur tvo bíla sem ganga fyrir dísilolíu og aðra tvo sem nota bensín.

Starfsemi þjóðgarðsins felur í aðalatriðum í sér **a)** landvörslu innan marka þjóðgarðsins og **b)** daglegan rekstur.

a) Landverðir starfa við upplýsingagjöf til ferðamanna en í upplýsingamiðstöð eru einnig seldar bækur, veiðileyfi og innheimt gjald fyrir tjaldgistingu. Þeir sinna veiðieftirliti við Þingvallavatn, sjá um skipulagðar gönguferðir, fræðslu til ferðamanna og fornleifaskóla barnanna. Starf þeirra felur m.a. í sér gæslu á tjaldstæði, sorphirðu, umhirðu Þingvallakirkju, þrif og aðstoð við athafnir. Þeir sjá um móttöku gesta og þrif í fræðslumiðstöð (6 salerni og sýningarsalur) og þrif á Nyrðri-Leirum (sjá lýsingu neðar). Daglega eru tindir sigarettustubbar og smárusl sem gestir fleygja frá sér. Landverðir halda heimili innan þjóðgarðsins og sjá um þrif á starfsmannahúsi og tveimur bílum sem notaðir eru við landvörslu.



b) Daglegur rekstur fer fram á tveimur stöðum, í Reykjavík og á Þingvöllum:

Í Reykjavík er skrifstofa þjóðgarðsvarðar og ritara. Á Þingvöllum hefur fræðslufulltrúi og yfirlandvörður aðsetur allt árið og landverðir yfir sumartímann. Tjaldsvæði eru fjögur: Nyrðri-Leirar, Syðri-Leirar, Fagrabrekka og Vatnskot.

Nyrðri-Leirar: Hér eru fjögur hús. *Þjónustumiðstöð*. Þar sem söluskálinn er til húsa er einnig skrifstofa fræðslufulltrúa og yfirlandvarðar, upplýsingamiðstöð og afgreiðsla þjóðgarðsins. Í upplýsingamiðstöðinni er einnig rekin lítil bókaverslun frá maíbyrjun til loka september. *Starfsmannahús*, aðsetur landvarða. *Stór véla- og verkfæraskemma* og „*Baðhús*” - aðstaða fyrir ferðamenn (4 klósett, 2 sturtur, þvottahús og 4 útivaskar).

Syðri-Leirar: Aðstaða fyrir ferðamenn (4 klósett, 2 sturtur og 4 útivaskar). Á svæðinu er einnig aðstaða til að losa úr ferðasalernum.

Vatnskot: Hér eru tvö hús. Annað húsið er ætlað til upplýsinga og fræðslu og þar er einnig aðstaða fyrir veiðimenn til að skrá veiðikort og afla. Í hinu húsinu eru 3 klósett og 2 útivaskar. Aðgengi í Vatnskoti, bæði til veiða og dvalar, er miðuð við þarfir fatlaðra.

Á Haki, ofan Almannagjár, er fræðslumiðstöð sem er opin alla daga frá 1. apríl til 31. október en einungis um helgar þess á milli. Þar er sýningarsalur og 6 klósett. Átján klósett til viðbótar eru í byggingu.

Auk ofangreindrar starfsemi, sem heyrir beint undir þjóðgarðinn sjálfan, fer eftirtalin starfsemi fram innan hans:

Hótel Valhöll: Gisting og veitingasala. Hóтелиð er kynnt með olíu og fráveita er „viðkvæm” vegna nálægðar við Öxará og grunnvatnsstöðu Þingvallavatns.

Þjónustumiðstöð: Söluskáli - kaffi, gos, sælgæti og samlokur.

Bújarðirnar Kárastaðir og Brúsastaðir.

Ábúandi á Kárastöðum sér um rekstur þjónustumiðstöðvar í þjóðgarðinum og hjá henni býr sonur hennar og að jafnaði fimm starfsmenn yfir sumartímann. Þar er ekki lengur hefðbundinn búskapur en u.þ.b. fimm hestar eru á jörðinni

Á Brúsastöðum eru 3-4 í heimili en þar er rekið fjárbú sem telur um 300-400 ær. Á jörðinni eru u.þ.b. 5 hross. Búið er rekið samkvæmt gæðastýringu landbúnaðarins.

Á Skógarhólum er rekin ferðaþjónusta einkum ætluð hestamönnum; þar er gisting, tjaldstæði og eldunaraðstaða. Lauslega áætlað hafa um 2 þús. hross viðdvöl í Skógarhólum árlega, flest einungis yfir eina nótt. Beit er því allnokkur á fremur litlu svæði og tilbúinn áburður notaður á beitarhólf til að auka sprettu.

Sumarhús innan þjóðgarðsins eru 87.

Í þjóðgarðinn koma um 400.000 bílar á ári.

2.3 Greining á helstu umhverfispáttum

Í eftirfarandi töflu eru niðurstöður fyrirbyggjandi greiningar á helstu umhverfispáttum við rekstur þjóðgarðsins á Þingvöllum. Greiningin miðast fyrst og fremst við flæði efna til og frá þjóðgarðinum. Mikilvægi umhverfispáttar (m.t.t. umfangs og umhverfisáhrifa) er huglægt og byggt á samræðum við starfsfólk þjóðgarðsins.

Mikilvægi er gefin einkunn 1 (minnst), 2 (meðal) og 3 (mest).

Umhverfispáttur		Lýsing	Helstu áhrif	Mikilvægi
Aðföng – Innkaup og notkun	Almennar rekstrarvörur	Vörur sem tengjast rekstri skrifstofu og starfsmanna, s.s. pappír, tölvu- og skrifstofubúnaður, einnota vörur, matur, prentvörur o.fl.	Notkun náttúruauðlinda, sorpmyndun	2
	Orkunotkun – eldsneyti (bifreiðar)	Eldsneytisnotkun þjóðgarðsins er vegna ferða starfsmanna og notkunar bifreiða í eigu þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn á og rekur 4 bifreiðar. Þar af eru 3 bílanna nýlegir (<3 ára) en einn er frá 1997. Tveir bílanna ganga fyrir bensíni en hinir fyrir dísilolíu.	Losun á CO ₂ og annarra efna í loft	2
	Orkunotkun - rafmagn	Rafmagn er notað til upphitunar húsnæðis og þjónustumiðstöðva og lýsingar innan þjóðgarðsins. Allt rafmagn kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum.		1
	Vatnsnotkun	Vatnsnotkun er fyrst og fremst í þjónustumiðstöðvum og almenningssalernum á svæðinu.	Notkun náttúruauðlinda, skólpmýndun	1
	Efnanotkun, s.s. hreinsiefni	Efnavörur, sem eru notaðar í rekstri þjóðgarðsins, eru aðallega almennar ræstivörur, s.s. til ræstingar á þjónustumiðstöðvum og salernum og rekstrarvörur fyrir bifreiðar, s.s. olíur o.fl. Notaður er frostillögur í klósett, að jafnaði um 20 l á ári síðustu ár. Valin eru mild hreinsiefni sem eru umhverfismerkt.	Losun efna í vatn og jarðveg	2
	Byggingarvörur	Lítið er um nýbyggingar á vegum eða innan þjóðgarðsins. Helstu byggingarvörur, sem notaðar eru, tengjast viðhaldi á núverandi byggingum og gerð palla, göngustíga og girðinga, s.s. timburvörur, málning, fúavarnarefni, klæðningar o.fl.	Notkun náttúruauðlinda, möguleg útskolun mengunarefna í vatn og jarðveg.	1-2
	Áburður, fræ og plöntur	Notaður er tilbúinn áburður til að styrkja svörð á tjaldstæðum og til að auka sprettu í beitarhólfum í Skógarhólum	Niturmengun	1
Sorp - meðhöndlun	Sorp fellur til við almennan rekstur, s.s. frá skrifstofu, þjónustumiðstöðvum innan þjóðgarðsins og hótél Valhöll. Mest sorp fellur til frá ferðamönnum, sérstaklega þeim gestum sem dvelja á tjaldsvæðum þjóðgarðsins. Talsvert er um að ferðamenn hendi frá sér sigarettustubbum og smárusli; er það til verulegra lýta. Við vatnið ber einnig talsvert á girnisflækjum og öðru rusli við veiðistaði. Mikil vinna fer daglega í að tina upp rusl, einkum meðfram vegum og við bílastæði en einnig annars staðar þar sem	Kostnaður við sorpsöfnun og meðhöndlun, sóðaskapur innan þjóðgarðsins, o.fl.	3	

	ferðamenn fara um. Skoða þarf fyrirkomulag við sorpsöfnun og ílát, safnstöðvar, flokkun og förgun. Til greina kemur að fækka ruslafötum í garðinum, draga úr sorpi til meðhöndlunar og kostnaði sem fylgir því.		
Fráveita - skólþ	Skólþ fellur til frá húsnæði sem tengist starfsemi þjóðgarðsins og Valhöll annars vegar og hins vegar frá sumarhúsum innan þjóðgarðsins. Skólþi er safnað í rotþrær sem tengdar eru siturlögnum. Rotþrær þjóðgarðsins eru tæmdar með reglulegu millibili, erfiðara að fylgjast með sumarhúsaeygendum og rotþrær þeirra eru í misjöfnu ástandi. Á Haki þarf að taka upp rotþróarkerfi og siturlagnir og endurbæta. Ástand á Leirum er nokkuð gott en aðstæður við Vatnskot eru erfiðar vegna þess að jarðvegur er grunnur og mjög stutt niður á grunnvatnsborð.		3
Fráveita - ofanvatn	Ofanvatn rennur af götum og húspökum út í nærliggjandi jarðveg. Mest hætta er á menguðu ofanvatni af bílastæðum þar sem mikil umferð er. Við nýtt bílastæði þjónustumiðstöðvar á Leirum hefur verið komið fyrir olíuskilju en Skiljur vantar á eldri bílastæði.		1-2
Loftmengun (önnur en vegna ferða starfsmanna)	Staðbundin mengun og óþrifnaður vegna reykinga á lykilsvæðum. Einnig möguleg hætta og óþægindi vegna meðferða elds á svæðinu. Mikilvægt að stemma stigu við lausagangi bifreiða við bílastæði og áningarstaði.	Staðbundin og hnattræn mengun, óþægindi og/eða óþrifnaður	2
Sjón- og ljósmengun	Sjónmengun getur verið af mannvirkjum innan þjóðgarðsins, s.s. byggingum og skiltum. Meta þarf áhrif flóðlýsingar við Valhöll og Þingvallabæinn og breyta hugsanlega birtustigi eftir umhverfisaðstæðum.	Upplifun gesta af náttúru og hinum sérstöku gæðum svæðisins.	2
Brottnám	Sér í lagi veiði í vatninu. Ekki er góð yfirsýn yfir veiðimagm. Vantar upp á að afli sé skráður.	Rask á umhverfi og/eða inngríp í vistkerfi.	1-2

2.4 Lög, reglur og stefnumörkun á sviði umhverfismála

Lög og reglur á sviði umhverfismála sem varða starfsemi þjóðgarðsins:

- Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 47/2004.
- Reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum, nr. 848/2005.
- Lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005.
- Almennar umgengisreglur samþykktar af Þingvallanefnd.
- Almennar reglur um kvikmynda- og ljósmyndatökur í atvinnuskyni innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.
- Almenn lög og reglur, s.s. varðandi fráveitu o.fl.

Eftirfarandi er önnur stefnumörkun á sviði umhverfismála sem tengist rekstri þjóðgarðsins og m.a. þarf að taka tillit til við mótun umhverfisstefnu fyrir rekstur þjóðgarðsins:

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumörkun 2004-2024.
- Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
- Umhverfisstefna í ríkisrekstri, samþykkt í ríkisstjórn árið 1997.
- Umhverfisstefna Stjórnarráðsins.



VIÐAUKI 2 Almennar umgengisreglur samþykktar af Þingvallanefnd

- Þingvellir við Öxará eru friðlýstur helgistaður Íslendinga. Öllum er frjálst að fara um og dvelja á Þingvöllum enda hliti þeir reglum þjóðgarðsins um góða umgengni.
- Allt lífríki þjóðgarðsins er friðað. Raskið hvergi mannvistar- eða náttúruminjum.
- Hlifið gróðri, kveikið ekki elda.
- Gangið þrífalega um landið, hendið ekki rusli á víðavangi.
- Akið hvorki né leggið bifreiðum utan vega.
- Hundar skulu ætíð hafðir í ól og hirða ber óhreinindi upp eftir þá.
- Víða leynast gjár og sprungur á svæðinu, farið því ávallt varlega, gætið sérstaklega að börnum.
- Gisting er aðeins leyfð á merktum tjaldsvæðum, virðið næturró og gangið hljóðlega um á milli kl. 24:00 og 08:00. Greiðið gistingueld í þjónustumiðstöðinni á Leirum.
- Veidileyfi eru seld í þjónustumiðstöð. Óheimilt er að leggja á bátum út frá landi þjóðgarðsins.
- Leitið til landvarða á svæðinu eða í þjónustumiðstöð til aðstoðar og upplýsinga.
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er griðastaður. Ölvun veldur ónæði og spillir friði, ölvað fólk getur vænst þess að verða vikið af svæðinu.